



Alþingi
bt. Umhverfis- og auðlindanefnd
Alþingishúsinu v. Austurvöll
150 Reykjavík

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6 - 108 Reykjavík
www.fi.is

Reykjavík, 28. janúar 2021

Umsögn Ferðafélags Íslands um frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð

Inngangur:


Allt frá stofnun Ferðafélags Íslands (FÍ) árið 1927 hefur markmið félagsins verið að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land og greiða fyrir þeim. FÍ hefur jafnframt lagt áherslu á miðlun þekkingar á náttúrunni og að fræða þátttakendur í ferðum félagsins og allan almenning um náttúru landsins. Félagið hefur því leitast við að standa vörð um möguleika fólks á að ferðast um landið og njóta þess sem náttúra Íslands hefur uppá að bjóða. FÍ telur að stofnun þjóðgarða og friðlýsingar í tengslum við þá sé mikilvæg leið til að tryggja að hin einstaka náttúra landsins fái staðið óspillt fyrir komandi kynslóðir að njóta. Á sama hátt er mikilvægt að þær reglur sem munu gilda um dvöl og för í þjóðgörðum séu til þess fallnar að tryggja rétt almennings til að ferðast um landið og njóta útivistar þar. FÍ telur framlagt frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð jákvætt framlag til náttúruverndar og útivistar.

Ferðafélag Íslands hefur mikilla hagsmuna að gæta á miðhálandi Íslands enda á og rekur félagið fjölmarga skála á því svæði sem fyrirhuguðum hálandisþjóðgarði er ætlað að ná yfir. Ferðafélag Íslands hefur fjármagnað uppbyggingu og rekstur skálanna frá upphafi auk þess sem þrotlaust sjálfbóðaliðastarf hefur gert tilvist þeirra að veruleika. Mikilvægt er fyrir FÍ að skálarekstur félagsins á svæði hálandisþjóðgarðs sé tryggður, enda er skálakerfi félagsins megin undirstaða rekstrar þess. Líkt og víða í Vatnajökulsþjóðgarði yrðu skálar FÍ mikilvægir innviðir innan þjóðgarðsins og munu áfram gegna mikilvægu öryggishlutverki í óbyggðum landsins.

Athugasemdir við lagafrumvarpið:

FÍ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum eða ábendingum við frumvarpið:

- Taka þarf skýrt fram í lagatexta um þjóðgarðinn að aðilar eins og FÍ, sem eiga og reka skála eða aðrar sambærilega fasteignir á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði, haldi áfram réttindum sínum innan hins fyrirhugaða þjóðgarðssvæðis. Þetta atriði er afar mikilvægt fyrir félag eins FÍ, sem telur hátt í 10.000 félagsmenn, sem hefur helgað starf sitt uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu á hálandinu í yfir 90 ár. Krafa FÍ er eðlileg vegna þeirrar miklu fjárfestinga sem félagið hefur lagt í og segja má að hafi skapað því ákveðinn hefðarrétt á viðkomandi svæðum og er sambærileg þeirri kröfu að tryggð verði í þjóðgarðinum hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbreit, fuglaveiði, hreindýraveiði, og veiði í ám og vötnum, á þeim svæðum sem eru sérstaklega afmörkuð.




- Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlun skuli unnin fyrir hálandisþjóðgarð. Ekki er í frumvarpinu nánar fjallað um hvernig nákvæmlega áætlunin verður útfærð á einstökum svæðum. Tryggja þarf með lagatexta að ákvæði í slíkri stjórnunar- og verndaráætlun hindri ekki óbreytta nýtingu fasteigna FÍ á þjóðgarðssvæðinu.
- Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjóðgarðinum verði skipt í a.m.k. sex rekstrarsvæði sem hverju um sig er stjórnað af níu manna umdæmisráði, auk þess sem þjóðgarðurinn sjálfur verður með sína eigin stjórn. Fyrir liggur að starfsemi FÍ snertir öll sex rekstrarsvæðin sem fyrirhuguð eru. Erfitt er fyrir rekstraraðila eins og FÍ, sem stunda rekstur á fleiri en einu svæði, að reka mál sín fyrir allt að sex mismunandi stjórnun þjóðgarðsins. Til að tryggja skilvirgni er mikilvægt að komið verði á fót einni ákveðinni afgreiðslu- og samráðsleið sem slíkir aðilar geti notað í samskiptum sínum við þjóðgarðinn. FÍ telur slíkan vettvang nauðsynlegan hvort sem um er að ræða mál er varða uppbyggingu og rekstur skála eða önnur atriði sem varða dvöl, umferð, landnýtingu, landvörslu og náttúruvernd í þjóðgarðinum.
- Í 21. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram: *“Afla skal leyfis Hálandisþjóðgarðs vegna skipulagðra viðburða og einstakra verkefna í Hálandisþjóðgarði sem krefjast aðstöðu, mannafla eða meðferðar tækja í þjóðgarðinum, svo sem kvikmyndunar, viðburða, samkomuhalds og rannsókna.”* FÍ leggur telur afar mikilvægt að skilgreina nánar hvað felst í hugtakinu *“skipulagður viðburður”*. FÍ er með fjölmargar skipulagðar ferðir um miðhálandið sem væri hægt að skilgreina sem *“skiplagða viðburði”*. Mikilvægt er að það komi skýrt fram í lögnum að félagið þurfi ekki að afla leyfis þjóðgarðsins vegna slíkra ferða og geti haldið áfram að bjóða ferða- og útivistarfólki í ferðir um miðhálandið á sama hátt og verið hefur í langri sögu félagsins.
- Stjórn Ferðafélags Íslands hvetur til þess að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins verði unnin í víðtæku samráði við ferða- og útivistarfélag og sveitarfélag og aðra hagaðila sem starfað hafa lengi, jafnvel áratugi, innan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Ferðafélags Íslands


Ólafur Örn Haraldsson, forseti FÍ


Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ